

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 23. október 1985.

Nr. 194/1985. **Theódór Nóason**

gegn

Edel Maríu Madsen

Kærumál. Skipti. Uppskrift.

Dómur Hæstaréttar.

Kærumál þetta dæma hæstaréttardómarnir Sigurgeir Jónsson, Guðmundur Skaftason og Magnús Thoroddsen.

Sóknaraðili hefur með vísun til 2. töluliðs 21. gr. laga nr. 75/1973 skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar með kæru 20. ágúst sl., sem barst Hæstarétti 26. sama mánaðar.

Sóknaraðili krefst þess aðallega, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur, en til vara, að ákvörðun um uppskrfit á eignum og skuldum firmans Reykjabergs fari ekki fram fyrr en að fengnum úrslitum í hæstaréttarmálinu nr. 50/1985: Theódór Nóason gegn Edel Maríu Madsen o.fl. Í báðum tilvikum er krafist kærumálskostnaðar.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Hinn kærði úrskurður, sem ekki fylgja forsendur, er svohljóðandi:

„Krafa sóknaraðila, Edel Maríu Madsen, um að nú þegar skuli fara fram nákvæm uppskrift eigna og skulda firmans Reykjabergs vegna skipta á búi hennar og varnaraðilja, Theódórs Nóasonar, er tekin til greina.

Varnaraðili Theódór Nóason greiði sóknaraðilja, Edel Maríu Madsen kr. 7.000,00 í málskostnað innan 15 daga frá birtingu úrskurðar þessa að viðlagðri aðför að lögum.“

Skiptaráðandinn, Ragnar Hall borgarfégeti, hefur samkvæmt 27. gr. laga nr. 75/1973 sent greinargerð sína um hina kærðu dóms-athöfn 16. þ.m. Segir þar m.a.:

„Bú málsaðilja var tekið til opinberra skipta í skiptarétti Reykjavíkur hinn 14. janúar 1985 vegna hjónaskilnaðar þeirra. Í þinghaldi þann dag var bent á sem eignir tilheyrandi búinu m.a. einkafirmað Reykjaberg, sem í firmaskrá Reykjavíkur er skráð einkafirma Theódórs Nóasonar, og eignarhluta í fasteigninni nr. 48 við Bergstaðastræti í Reykjavík, sem er þinglýst eign Theódórs Nóasonar. Var þar jafnframt vakin athygli á því að eignarhlutinn í fasteigninni væri færður upp á efnahagsreikningi firmans sem eign þess. Áður en uppskrift væri lokið á búinu, kom fram sú krafa af hálfu Theódórs Nóasonar, að firmanu og eignarhlutanum í nefndri fasteign yrði haldið utan skiptanna sem séreignum hans, og var þeirri kröfugerð þegar mótmælt af hálfu Edel Maríu Madsen. Úrskurður gekk um það efni í skiptarétti Reykjavíkur hinn 7. mars sl. og var kröfum Theódórs Nóasonar í því máli hafnað. Hefur þeim úrskurði verið áfrýjað og bíður það mál flutnings í Hæstarétti. Það mál, sem hér er til úrlausnar, varðar hins vegar það álítaefni, hvort bíða skuli með að framkvæma uppskrift og virðingu þessara eigna, þar til niðurstaða Hæstaréttar í hinu fyrra máli liggur fyrir.

Um tilhögun skipta á búi hjóna vegna skilnaðar ber að fara eftir ákvæðum 6. kapítula skiptalaga nr. 3/1978 og VII. kafla laga um réttindi og skyldur hjóna nr. 20/1923. Fyrirmæli þessara lagabálka eru ekki að öllu leyti samstæð, og í þeim tilvikum sem um er að ræða gagnstæð eða ósamrýmanleg ákvæði í þeim verður samkvæmt almennum lögskýringarreglum að líta svo á, að hin yngri þessara laga gangi fyrir ákvæðum hinna eldri.

Samkvæmt 64. gr. skiptalaga skal „skrifa upp og virða á vanalegan hátt“ muni búins, en um framkvæmd uppskrifar eru ákvæði í 2. kapítula laganna. Kemur fram í 15. gr. laganna, að svo fljótt sem við verður komið ber skiptaráðanda að láta skrifa upp og virða eignir viðkomandi bús. Í 2. mgr. 47. gr. laga nr. 20/1923 er ákvæði, er heimilar að draga séreign undir skipti við tiltekna aðstæður, en ekki er í lögum að finna ákvæði, er beinlínis komi í veg fyrir, að skrifaðar séu upp og virtar eignir, sem annað hjóna telji séreignir sínar. Í 63. gr. skiptalaga er sérstaklega um það fjallað, að við til-

teknar aðstæður megi ekki valda öðrum aðilja að slíkum skiptum meira óhagræði en brýn nauðsyn krefji til þess, að hag hins aðiljans verði borgið. Verður ekki önnur ályktun dregin af efni þeirrar greinar en að við skipti sem þessi verði aðiljar að sætta sig við visst óhagræði, ef það stafar af aðgerðum, sem teljast venjulegar við skipti bús og eru nauðsynlegar til að tryggja jafnstöðu aðiljanna við skiptin.

Ljóst má vera, að þegar einkafirmað Reykjaberg var skrifað upp sem eign búsins við fyrstu fyrirtöku skiptanna, var það skrifað upp sem eignaheild og engar aðstæður voru til að virða til peninga verðmæti þess eða eign þess þá. Telur undirritaður að uppskrift búsins sé ekki lokið að þessu leyti. Með því að annað hjónanna hefur eignir firmans í sínum vörslum og rekur starfsemi þess áfram, telur undirritaður með hliðsjón af ofangreindum lagaákvæðum óhjákvæmilegt að fallast á kröfu hins hjónanna um að staðreynt sé verðmæti firmans eða eign þess nú þegar, en ekki verði beðið úrslita um það, hvort þessar eignir skuli teljast séreignir Theódórs Nóasonar. Mat á þessum vermætum veldur honum engum réttarspjöllum.“

Meðal gagna málsins er ljósrit af skattframtali málsaðilja 1984, og fylgir því efnahagsyfirlit Reykjabergs hinn 31. desember 1983. Bókfært verð eign þess er þannig framtalið:

Verslunarhúsnæði að Bergstaðastræti 48	kr. 250.558,00
Lóð sama	kr. 16.000,00
Innréttingar	kr. 3.648,00
Verslunarleyfi	kr. 200,00
Sparisjóðsbók nr. 46465 í Búnaðarb. Ísl.	kr. 389.640,21
Vörubirgðir	kr. 32.116,00
Víxlaeign	kr. 8.425,00
Viðskiptamenn	kr. 72.611,00
Hlaupareikningur	kr. 58.560,84
Sjóður	kr. 7.921,34
	Kr. 839.680,39

Skuldir og eigið fé er þannig framtalið:

Skuldir við viðskiptamenn vegna vörukaupa	kr. 37.765,00
Ógreiddur söluskattur	kr. 1.183,15
Hrein eign	kr. 800.732,24
	Kr. 839.680,39

Sóknaraðili telur firmað Reykjaberg vera séreign sína á grundvelli kaupmála þess, sem um sé deilt. Meðan fullnaðardómur hafi ekki gengið um gildi hans, hnígi engin rök að því, að frekari uppskrift fari fram á eignum og skuldum Reykjabergs, enda sé ákvæðum 2. mgr. 47. gr. laga nr. 20/1923 þegar fullnægt með uppskriftinni 14. janúar sl., þótt því sé mótmælt, að firmað sé eign bús málsaðilja. Áfrýjun úrskurðar skiptaréttarins um gildi kaupmálans fresti uppskrift á eignum þeim, sem hann sé talinn taka til, en það sé meginregla íslensks réttar, að áfrýjun fresti verkun dóma og úrskurða og til afbrigða frá þeirri reglu þurfi skýlausa lagaheimild. Sóknaraðili vísar á bug þeirri málsástæðu varnaraðilja, að hann geri allt, sem honum sé kleift, til að láta líta svo út sem þær eignir, er til voru í firmanu Reykjaberg í árslok 1983, séu ekki lengur til.

Varnaraðili telur, að sérstök ástæða sé til þess, að nú þegar fari fram uppskrift á eignum Reykjabergs, þar sem fram sé komið, að sóknaraðili ráðstafi þeim að eigin geðþótta og án vitundar skiptaráðanda og varnaraðilja. Bendir hann því til stuðnings á, að hann hafi þinglýst skuld að fjárhæð 650.000,00 krónur á eignarhluta sinn í húsinu nr. 48 við Bergstaðastræti, eftir að skiptin hófust. Hann hafi ekki upplýst, hvenær stofnað hafi verið til þeirra skulda Reykjabergs, sem firmað var í um sl. áramót, þrátt fyrir áskorun þar um og ekki heldur lagt fram ársreikninga firmans. Varnaraðili telur sig hafa hagsmuni af því, að upplýst verði sem skjólast, hverjar séu og hafi verið við upphaf skipta raunverulegar eignir og skuldir firmans, til að tryggja sér og félagsbúinu sönnunargögn. Krafan lúti þannig einungis að nákvæmri uppskrift í sönnunarskyni, en alls ekki að því að afstaða sé tekin til þess, hvort eignin að hluta eða öllu skuli teljast séreign varnaraðilja eða ekki.

Af gögnum málsins kemur fram, að könnun á eignum bús málsaðilja og virðingu þeirra var eigi lokið, er ágreiningurinn um séreign sóknaraðilja að firmanu Reykjabergi reis. Það sakarefni er nú til

úrlausnar í sérstöku dómsmáli fyrir Hæstarétti. Áfrýjun þess máls þykir eigi hindra framkvæmd þeirra uppskriftar- og virðingargerða, sem um er deilt í þessu máli. Að virtum málavöxtum og með tilvísun til 2. mgr. 47. gr. laga nr. 20/1923 og grunnreglu 63. gr. skiptalaga nr. 3/1978 ber að staðfesta hinn kærða úrskurð.

Rétt er, að sóknaraðili greiði varnaraðilja 10.000,00 krónur í kærumálskostnað fyrir Hæstarétti.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður skal vera óraskaður.

Sóknaraðili, Theódór Nóason, greiði varnaraðilja, Edel Maríu Madsen, 10.000,00 krónur í kærumálskostnað að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 24. október 1985.

Nr. 160/1985: **Ákærvaldið**

(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)
gegn

Önnu Antonsdóttur og

Birni Geir Jóhannssyni

(Sigurður Ólason hrl.)

Skjalafals. Þjófnaður. Fjársvik. Ólögmet meðferð fundins fjár. Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum. Ákæra.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Björn Sveinbjörnsson, Guðmundur Jónsson, Guðmundur Skaftason og Halldór Þorbjörnsson.

Máli þessu var að ósk beggja hinna ákærðu áfrýjað til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 30. maí 1985. Af hálfu ákærvalds er málinu áfrýjað til þyngingar. Ágrip dómsgerða barst Hæstarétti 22. ágúst sl.